

Aðalfundur UMFN, þann 11. maí 2011 kl. 19:30, í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru um 70 manns.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur

- Kosning fundarstjóra
- Kosning fundarritara
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram
- Skýrsla formanns
- Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2010

2. Lagabreytingar

3. Staðfesting nýrra deilda

- Júðódeild
- Þríprautardeild

4. Heiðursviðurkenningar

5. Ávarp gesta

6. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

- Kosinn formaður
- Kosinn einn stjórnarmaður til tveggja ára
- Kosnir tveir varamenn
- Kosnir tveir skoðunarmennog einn til vara
- Skipað í nefndir af aðalstjórn

Ritnefnd

Þorrablótsnefnd

Landsmótsnefnd

7. Önnur mál

8. Fundarslit

1. Þórunn setur fundinn og tilnefnir Arngrím Guðmundsson sem fundarstjóra og Önnu Andrésdóttur sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.

Arngrímur fer yfir dagskrá fundarins og leggur fram fundargerð síðasta aðalfundar.

Stefán fer yfir skýrslu formanns.

Ágústa féhirðir fer yfir ársreikninga og býður fundargestum að leggja fram spurningar. Gunnar endurskoðandi tekur til máls og talar um öfluga starfsemi hjá félaginu. Hann bendir á hvað það sé ánægjulegt að sjá að það er mikil áhersla lögð á yngri flokkana og sagði að það hefði líka verið lögð áhersla á það hjá bæjarstjórn að reyna að láta erfitt fjárhagsástand bitna sem minnst á unga fólkinu. Hann þakkar að lokum fyrir vel unnin störf hjá félaginu. Fundarstjóri leggur ársreikninga til samþykkar og eru þeir samþykktir samhljóða af fundargestum.

2. Stefán formaður leggur fram tillögu að lagabreytingu vegna innsláttarvillu í lögnum. Með vísan til athugasemda er bárust frá laganefnd Ungmennafélags Íslands vegna innsendra samþykktra laga félagsins eftir aðalfundinn 2010 er eftirfarandi breyting lögð til:

21. grein laganna sem hljóðar eftirfarandi;

Stjórn hvernar deildar félagsins skal skipuð þeim fjölda manna sem segir í 19. gr. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda.

Kjörtímabil deildarstjórnar er á milli aðalfunda viðkandi deilda.

Deildarstjórnir skulu vinna að eflingu félagsins hver á sínu sviði.

Deildarstjórn skipar þá fulltrúa sem Íþróttabandalagið ákveður að skuli vera fulltrúar félagsins á ársþing sérsambanda ÍSí.

verði breytt þannig að í stað tilvísunar í 19. grein laganna verði vísað til 18. greinar.

Fundarstjóri býður fólki að tjá sig um lagabreytinguna og ber svo lagabreytinguna til samþykkar og er hún samþykkt samhljóða.

3. Fundarstjóri leggur til að nýju deildarnar innan félagsins, júdódeild og þríþrautardeild séu staðfestar. Það er samþykkt samhljóða.

4. Fundarstjóri fer yfir reglur um veitingu heiðursviðurkenninga og býður formanni að taka við.

Ólafur Thordersen kemur upp til að afhenda Ólafsbikarinn með Stefáni formanni, og hann hlýtur Rósmundur Guðjónsson fyrir frábært starf við fótboltann.

Pórunn varaformaður kemur upp til aðstoða við afhendingu viðurkenninga.

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf fyrir félagið hljóta:

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu í körfubolta.

Helgi Helgason

Snorri Jónas Snorrason

Thor Ólafur Hallgrímsson

Bronsmerki hljóta:

Jóhannes Albert Kristbjörnsson fyrir körfubolta.

Bjarni Sæmundsson fyrir fótbolta og stjórnarstörf.

Páll Kristinsson fyrir körfubolta.

Guðni Erlendsson fyrir fótbolta og þjálfun.

Kristinn Einarsson fyrir körfubolta.

Silfurmerki hljóta:

Júlíus Valgeirsson fyrir körfubolta, þjálfun og stjórnarstörf.

Viðar Kristjánsson fyrir stjórnarstörf og þjálfun.

Guðmundur Sæmundsson fyrir stjórnarstörf.

Andrés Ari Óttósson fyrir stjórnarstörf.

Magnús Þór Kristófersson fyrir fótbolta og stjórnarstörf.

Friðrik Pétur Ragnarsson fyrir fótbolta, handbolta, körfubolta og þjálfun.

Alexander Ragnarsson fyrir körfubolta og stjórnarstörf.

Gullmerki hljóta:

Jón Bjarni Helgason fyrir sund, körfubolta og stjórnarstörf.

Hermann Jakobsson fyrir körfubolta, kraftlyftingar og stjórnarstörf.

Ólafur Thordersen fyrir handbolta, fótbolta og stjórnarstörf.

Gullmerki með lárviðarsveig hlýtur:

Hilmar Hafsteinsson fyrir fótbolta, handbolta, körfubolta og stjórnarstörf.

Viðurkenningar fyrir íþróttamenn árssins:

Sundmaður ársins er Kristinn Ásgeir Gylfason

Knattspyrnumaður ársins er Ingvar Jónsson

Körfuknattleiksmaður ársins er Jóhann Árni Ólafsson

Lyftingamaður ársins er Stefán Sturla Svavarsson

Íþróttamaður UMFN árið 2010 er Stefán Sturla Svavarsson

5. Fundarstjóri býður Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur formanni UMFÍ að taka til máls. Helga skilaði kveðju frá öðrum í UMFÍ. Hún hrósaði félagsmönnum og stjórn fyrir vel unnin störf og fyrir skýrslu ársins. Hún hvatti félagsmenn til að fjölmenna á Landsmótið. Helga sagði líka aðeins frá starfi UMFÍ og þá sérstaklega starfi í kringum unga fólkið. Hún kynnti auk þess nýtt Landsmót sem er fyrir 50+. Hún minnti á að Íslensk Getspá skiptir miklu máli vegna peninganna sem félögin fá þaðan. Hún þakkaði að lokum félagsmönnum fyrir vel unnin störf.

Jóhann Magnússon formaður ÍRB bað um að fá að taka til máls. Hann óskaði verðlaunahöfum til hamingju. Hann talaði um gott starf hjá félaginu og góðan anda. Hann þakkaði Stefáni formanni fyrir samstarf innan ÍRB. Hann kvatti félagsmenn og stjórn til að halda áfram góðu starfi.

6. Arngrímur fer yfir röðina á kosningunum og fjölda þeirra sem á að kjósa. Hann las upp eftirfarandi tillögur og bauð fundargestum að koma með aðrar tillögur.

Formaður: Stefán Thordersen, samþykkt samhljóða

Meðstjórnendur: Anna Andrésdóttir og Hermann Jakobsson, samþykkt samhljóða.

Varamenn stjórnar: Sigríður Ragnarsdóttir og Ólafur Eyjólfsson, samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga: Valpór Söring og Ingigerður Sæmundsdóttir og til vara Þórður Karlsson. Samþykkt einróma.

Formaður kemur upp og talar um nefndir sem er skipað í af aðalstjórn:

Hann skýrir út hlutverk ritnefndar en það er að standa að afmælisriti félagsins sem á að gefa út árið 2014. Eftirfarandi menn eru tilnefndir:

Viðar Kristjánsson, Haukur Jóhannsson, Guðjón Helgason, Jón Bjarni Helgason og Hilmar Hafsteinsson.

Porrablótsnefnd: Það verður ekki skipað í þessa nefnd núna, en það verður gert síðar. Formaður

Landsmótsnefnd: Það eru formenn deilda sem skipa hana.

7. Fundarstjóri býður gestum að taka til máls undir flokknum önnur mál.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir kemur upp og óskar nýkjörnum formanni og nýrri stjórn til hamingju með kosninguna.

Stefán formaður kemur upp og þakkar traustið sem honum er sýnt sem formanni. Hann býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

7. Fundarstjóri óskar þeim sem hafa fengið viðurkenningu til hamingju, hann þakkar 10. flokkir karla í knattspyrnu fyrir veitingarnar og fundargestum fyrir góðan fund.

Fleira er ekki gert og fundi slitið klukkan 21:10.